

# Fundargerð 911. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2022, fimmtudaginn 23. júní kl. 11:15 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Hótel Örk í Hveragerði.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Gunnar Einarsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Rakel Óskarsdóttir, Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson, Ásgerður Kristín Gylfadóttir og Hildur Björnsdóttir.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson Framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Eins og fram kemur í öðrum lið hefur Bjarni Jónsson sagt sig úr stjórninni varamaður hans Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir boðaði forföll. Eyþór Laxdal Arnalds boðaði forföll og varamaður hans Hildur Björnsdóttir mætti í hans fjarveru. Jón Björn Hákonarson tafðist og náði ekki inn á stjórnarfundinn en tók þátt í vinnufundi að stjórnarfundi loknum.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. **Handbók sveitarfélaga í úrgangsstjórnun - 2012018SA**

Lögð fram til kynningar Handbók um framkvæmd úrgangsstjórnunar sem VSÓ Ráðgjöf ehf., vann fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga og Umhverfisstofnun, dags. í júní 2022. Eygerður Margrétardóttir, verkefnisstjóri í umhverfismálum hjá sambandinu, kom á fundinn og kynnti handbókina. Fram kom við umræðu um málið að á vinnufundi með umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra fyrr í dag var ákveðið að skipuleggja fundaherferð um landið snemma í haust þar sem farið verði yfir stöðu innleiðingar hringrásarhagkerfis, ásamt því að setja á fót stýrihóp sem hafi yfirumsjón með innleiðingunni. Einnig hefur ráðherra ákveðið að skipa starfshóp um útfærslu og þróun framleiðendaábyrgðar og mun Eygerður verða fulltrúi sambandsins í þeirri vinnu.

Stjórnin þakkaði Eygerði fyrir góða kynningu og lýsti ánægju með handbókina og áréttaði jafnframt mikilvægi þess að handbókin fái góða kynningu hjá sveitarfélögum.

### 2. **Úrsögn úr stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2009549SA**

Lagður fram tölvupóstur frá Bjarna Jónssyni, dags. 16. júní 2022, þar sem hann segir sig úr stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Stjórnin þakkar Bjarna Jónssyni fyrir samstarfið á liðnum árum og óskar honum velfarnaðar á nýjum vettvangi.

**3. Fundargerð 910. fundar - 2201008SA**

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 910. fundar stjórnar sambandsins frá 20. maí 2022.

*Fundargerðin staðfest og undirrituð.*

**4. Fræðslumálanefnd - 2009079SA**

Lögð fram fundargerð 140. fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 11. maí 2022.

**5. Kjaramálanefnd - 2009595SA**

Lagt fram sem trúnaðarskjal fundargerð 30. fundar kjaramálanefndar sambandsins frá 16. júní 2022.

**6. Staða kjaramála - 2109025SA**

Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 20. júní 2022, um stöðu kjaramála í júní 2022.

*Stjórn óskar eftir frekari greiningu á fjárhagslegum áhrifum kjarasamnings slökkviliðs og sjúkraflutningamanna sem og áhrifum breytinga á reglugerðum um brunavarnir.*

**7. Dagskrá landsþings - 2009414SA**

Lögð fram drög að dagskrá landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 2022.

*Framkvæmdastjóra falið að hefja undirbúning og eru drög að dagskrá landsþings vísað til vinnufundar stjórnar.*

Hildur Björnsdóttir kom inn á fundinn kl. 12:30.

**8. Kjörnefnd sambandsins - 2009414SA**

Endurtilnefning í kjörnefnd, sbr. 9. gr. samþykkt sambandsins.

*Stjórn samþykkir að tilnefna Söndru Hlíf Ocares og Líf Magneudóttur í stað Björns Gíslasonar og Bjarka Bjarnasonar sem hafa óskað eftir að taka ekki sæti í nefndinni. Að auki er Árni Rúnar Þorvaldsson tilnefndur í stað Sabine Leskopf sem var tilnefnd í kjörnefnd á seinasta stjórnarfundi í stað Guðrúnar Ögmundsdóttur.*

*Að öðru leyti er skipan kjörnefndar óbreytt en í henni eiga sæti Kristinn Jónasson, bæjarstjóri í Snæfellsbæ og formaður nefndarinnar, Sandra Hlíf Ocares, varaborgarfulltrúi fyrir Reykjavíkurborg, Líf Magneudóttir borgarfulltrúi, Pálína Margeirsdóttir, varabæjarfulltrúi í Fjarðabyggð, Árni Rúnar Þorvaldsson, bæjarfulltrúi hjá Hafnarfjarðarkaupstað og Margrét Þórarinsdóttir bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ.*

*Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að kalla nefndina saman til fundar í samráði við formann hennar. Jafnframt minnir stjórnin á að framboðsfrestur til embættis formanns stjórnar sambandsins rennur út 15. júlí n.k.*

**9. Viljayfirlýsing um heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk - 2206016SA**

Lögð fram til kynningar viljayfirlýsing um heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk, dags. 21. júní 2022.

Stjórnin fagnar þeim áherslum sem fram koma í yfirlýsingunni sem vonandi munu leiða til betri þjónustu við elstu íbúa landsins en þeir nú búa við. Það liggur fyrir að fjölga mun mjög í hópi eldra fólks og því er mikilvægt að nú þegar í stað verið mörkuð stefna í þessum málaflokki til að tryggja þjónustu við elstu íbúa landsins. Mikilvægur þáttur í umbótum á þessu sviði er að samþætta þjónustu sveitarfélaga á heimilum eldra fólks við þá þjónustu sem ríkið veitir, ásamt því að innleiða velferðartækni í alla þjónustu. Einnig tekur stjórnin undir mikilvægi þess að auka áherslu á forvarnir og heilsueflandi aðgerðir en sveitarfélög hafa mörg hver stigið stór skref hvað varðar heilsueflandi aðgerðir fyrir þennan hóp. Samvinna ríkis og sveitarfélaga á því sviði er afar mikilvæg og vert er að horfa til innleiðingar á fyrirliggjandi aðgeraáætlun um heilsueflingu fyrir að aldraða í því samhengi.

Jafnframt er ekki undan því komist að ítreka mikilvægi þess að allir þeir þættir sem þarna verði til umfjöllunar verði kostnaðarmetnir og fullfjármagnaðir.

**10. Styrkir sem falla undir samstarfsáætlanir Evrópusambandsins - 2011010SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs og sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 20. júní 2022, um tækifæri til sóknar í styrki sem falla undir samstarfsáætlanir Evrópusambandsins.

Stjórnin fagnar samstarfi sambandsins, umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytisins og Veðurstofu Íslands í þessu verkefni og styður að sameiginleg viljayfirlýsing aðila verði send framkvæmdastjórn ESB þar sem lýst er yfir áhuga Íslands á því að taka þátt í „Leiðangri Horizon Europe um aðlögun að loftslagsbreytingum“.

**11. Tilnefning í starfshóp um mótun tillagna um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk - 2205018SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 23. maí 2022, þar sem Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringasviðs Reykjavíkurborgar, og Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, eru tilnefnd í starfshóp um mótun tillagna um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk.

**12. Tilnefning í samráðshóp um sjúkraflug - 2205028SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 24. maí 2022, þar sem Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar, og Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðabyggðar, eru tilnefnd í samráðshóp um sjúkraflug.

**13. Tilnefning í sjávarútvegsnefnd - 2205001SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til matvælaráðuneytisins, dags. 27. maí 2022, þar sem Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri í Vesturbyggð, og Vífill Karlsson, hagfræðingur og atvinnuráðgjafi hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, eru tilnefnd í samráðsnefnd um sjávarútveggsnefnd. Einnig lagt fram til kynningar skipunarbréf Svandísar Svavarsdóttur, matvælaráðherra.

**14. Tilnefning í samráðs- og viðbragðsteymi íslenskra stjórnvalda fyrir börn á flóttu - óháð upprunalandi - 2206009SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 31. maí 2022, þar sem María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, og Þórður Kristjánsson, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, eru tilnefnd í samráðs- og viðbragðsteymi íslenskra stjórnvalda fyrir börn á flóttu (óháð upprunalandi). Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

**15. Tilnefning nýs fulltrúa í verkefnastjórn um heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk - 2204002SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 2. júní 2022 þar sem Sigrún Ingvarsdóttir, deildarstjóri í málefnum eldra fólks hjá Reykjavíkurborg, eru tilnefnd í verkefnastjórn um heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk í stað Berglindar Magnúsdóttur sem látið hefur af störfum sem skrifstofustjóri öldrunarmála á velferðarsviði Reykjavíkurborgar. María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins er tilnefnd til vara.

**16. Tilnefning í samráðsnefnd um framkvæmd samkomulags um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms - 2206024SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 8. júní 2022, þar sem Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskóla, á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, og Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, eru tilnefnd í samráðsnefnd um framkvæmd samkomulags um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms.

**17. Tilnefning í ráðgjafanefnd um gerð landsskipulagsstefnu - 2206015SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 15. júní 2022, þar sem Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins, er tilnefndur sem aðalfulltrúi í ráðgjafanefnd um gerð svæðisskipulagsstefnu sem, og Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, sem áheyrnarfulltrúi.

18. **Tilnefning í byggðamálaráð - 200955SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 15. júní 2022, þar sem Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins, eru tilnefndur í byggðamálaráð.
19. **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefna í geðheilbrigðismálum til ársins 2030 - 2205040SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 30. maí 2022, um tillögu til þingsályktunar um stefna í geðheilbrigðismálum til ársins 2030, 575. mál.
20. **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036 - 2205023SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 30. maí 2022, um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036, 563. mál.
21. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 - samræmd könnunarpróf - 2205026SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 30. maí 2022, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (samræmd könnunarpróf), 579. mál.
22. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á skipulagslögum, nr. 123/2010 - uppbygging innviða - 2009205SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 23. maí 2022, um frumvarp til laga um breytingar á skipulagslögum, nr. 123/2010 (uppbygging innviða), 573. mál.
23. **Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um útlendinga - alþjóðleg vernd - 2205038SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 31. maí 2022, um frumvarp til breytinga á lögum um útlendinga (alþjóðleg vernd), 595. mál.
24. **Umsögn um frumvarp til laga um greiðslur vegna umönnunar langveikra eða fatlaðra barna - 2205041SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 31. maí 2022, um frumvarp til laga um greiðslur vegna umönnunar langveikra eða fatlaðra barna, 591. mál.
25. **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2022-2025 - 2205037SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar alþingis, dags. 1. júní 2022, um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2022-2025, 592. mál.

26. **Umsögn um frumvarp til laga um sóttvarnarlög - 2205042SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 1. júní 2022, um frumvarp til laga um sóttvarnarlög, 498. mál.
27. **Umsögn um drög að breytingu á reglugerð nr. 655/2009 um starfsumhverfi leikskóla - 2204001SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, dags. 9. júní 2022, um drög að breytingu á reglugerð um starfsumhverfi leikskóla, mál nr. S-92/2022.
28. **Ákall til sveitarstjórna um allt land - Menntun til sjálfbærni - 2206020SA**  
Lagt fram til kynningar ákall kennara til sveitarstjórna um allt land, dags. 27. maí 2022, um menntun til sjálfbærni.

Að fundi loknum hélt stjórn vinnufund um stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022-2026.

Fundi var slitið kl. 13:51

---

Aldís Hafsteinsdóttir

---

Heiða Björg Hilmisdóttir

---

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

---

Gunnar Einarsson

---

Guðmundur Ari Sigurjónsson

---

Rakel Óskarsdóttir

---

Kristján Þór Magnússon

---

Jón Björn Hákonarson

---

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

---

Hildur Björnsdóttir